



## **SAMÞYKKTIR**

fyrir hlutafélagið

### **VÁTRYGGINGAFÉLAG ÍSLANDS HF.**

#### **I. Kafli**

##### **Heiti félagsins og tilgangur**

###### **1. gr.**

###### **Heiti**

Heiti félagsins er Vátryggingafélag Íslands hf.

###### **2. gr.**

###### **Tilgangur**

Tilgangur félagsins er rekstur vátryggingarstarfsemi, þ.á m. endurtryggingarstarfsemi, önnur en líftryggingarstarfsemi, bæði á Íslandi og erlendis.

Félaginu er einnig heimil sú starfsemi sem er í samræmi við ákvæði laga um vátryggingastarfsemi hverju sinni, s.s. rekstur fasteigna, lánastarfsemi og kaup og sala verðbréfa.

Þrátt fyrir að félagið reki ekki líftryggingarstarfsemi er því heimilt að eiga beinan eða óbeinan hlut í líftryggingarfélagi, hvort sem um yfirráð er að ræða eða ekki.

#### **II. Kafli**

##### **Hlutfé félagsins**

###### **3. gr.**

###### **Hlutfé**

Hlutfé félagsins er kr. 1.952.642.307 – einn milljarður níu hundruð fimmtíu og tvær milljónir sex hundruð fjörutíu og tvö þúsund þrjú hundruð og sjö krónur – og skiptist í jafnmarga hluti.

###### **4. gr.**

###### **Hækkun og lækkun hlutfjár**

Hluthafafundur einn getur ákveðið hækkun hlutfjár, hvort heldur er með áskrift nýrra hluta eða útgáfu jöfnunarhluta.

Bj

Hluthafar hafa forgangsrétt að aukningarhlutum í hlutfalli við hlutfjáreign sína. Ákveði hluthafi að nýta ekki forgangsrétt sinn eiga aðrir hluthafar aukinn rétt til áskriftar. Heimilt er að víkja frá ákvæði þessu, sbr. 3. mgr. 34. gr. hlutafélagalaga.

Hluthafafundur einn getur ákveðið lækkun hlutfjár. Þarf þá til sama magn atkvæða og til breytinga á samþykktum þessum.

## 5. gr.

### Hlutabréf og hlutaskrá

Hlutabréf félagsins eru gefin út með rafrænum hætti samkvæmt ákvæðum laga um rafræna eignarskráningu verðbréfa.

Eignarskráning að hlut í verðbréfamiðstöð í samræmi við ákvæði laga um rafræna eignarskráningu verðbréfa veitir skráðum eiganda hans lögformlega heimild fyrir þeim réttindum sem hann er skráður eigandi að og skal gagnvart félaginu skoðast sem fullgild sönnun fyrir eignarrétti að hlutum í félaginu.

Sá sem eignast hlut í félaginu getur ekki beitt réttindum sínum sem hluthafi nema nafn hans hafi verið skráð í hlutaskrá eða hann hafi tilkynnt og fært sönnur á eign sína á hlutum.

Skal arður á hverjum tíma, svo og tilkynningar allar, sendast til þess aðila sem á hverjum tíma er skráður eigandi viðkomandi hlutabréfa í hlutaskrá félagsins.

## 6. gr.

### Hlutir í félaginu

Engar hömlur eru með viðskipti með hluti í félaginu umfram það sem fram kemur í samþykktum þessum eða leiðir af lögum. Um eigendaskipti og framkvæmd þeirra fer eftir lögum um rafræna eignarskráningu verðbréfa og reglna sem settar eru á grundvelli þeirra.

Engin sérréttindi fylgja hlutum í félaginu. Félagið má eigi veita lán út á hluti í félaginu.

## 7. gr.

### Eigin hlutir

Félaginu er heimilt að kaupa og eiga eigin hluti að því marki sem lög heimila. Eigin hluti getur félagið aðeins eignast samkvæmt heimild hluthafafundar til handa stjórn. Skal slík heimild eigi veitt til lengri tíma en 18 mánaða hverju sinni.

Óheimilt er að neyta atkvæðisréttar fyrir þá hluti sem félagið á sjálft.

## 8. gr.

### Réttindi og skyldur hluthafa

Hluthafar eru skyldir, án nokkurrar sérstakrar skuldbindingar af þeirra hálfu, að lúta samþykktum félagsins eins og þær eru nú eða síðar kann að verða breytt á lögmætan hátt. Hluthafar verða ekki, hvorki með félagssamþykktum né breytingum á þeim, skyldaðir til að auka hlutfjáreign sína í félaginu og eigi heldur að sæta innlausn á hlutum sínum nema til komi heimild samkvæmt lögum. Hluthafar bera

eigi ábyrgð á skuldbindingum félagsins fram yfir hlut sinn í félaginu, nema þeir hafi sérstaklega tekist slíka skuldbindingu á hendur.

#### **9. gr.**

#### **Samskipti við hluthafa**

Heimil er notkun rafrænna skjalasamskipta og rafpósts í samskiptum milli félagsins og hluthafa í stað þess að senda eða leggja fram skjöl rituð á pappír. Nær heimildin til hvers kyns samskipta milli félagsins og hluthafa svo sem um boðun hluthafafunda, greiðslu arðs eða annarra tilkynninga sem félagsstjórn ákveður að send skuli hluthöfum. Eru slík rafræn samskipti jafngild samskiptum rituðum á pappír. Skal stjórn setja reglur um framkvæmd rafrænna samskipta og þær kröfur sem gerðar eru til hugbúnaðar sem skal vera hluthöfum aðgengilegur. Þeir hluthafar sem hyggjast nýta sér rafræn samskipti við félagið með þessum hætti skulu staðfesta það í samræmi við þær reglur sem stjórn setur.

### **III. Kafli**

#### **Stjórnskipulag**

#### **10. gr.**

#### **Stjórnskipulag félagsins**

Með stjórnun félagsins fara:

1. Hluthafafundur.
2. Stjórn félagsins.
3. Forstjóri.

### **IV. kafli**

#### **Hluthafafundur**

#### **11. gr.**

#### **Réttur til fundarsetu**

Æðsta vald í öllum málefnum félagsins, með þeim takmörkunum sem landslög og samþykktir þessar setja, er í höndum lögmætra hluthafafunda.

Rétt til þátttöku á hluthafafundum félagsins hafa allir hluthafar, fulltrúar endurskoðunarfélags þess og forstjóri. Endurskoðendum félagsins er jafnframt skylt að mæta á aðalfund félagsins. Hluthafa er heimilt að sækja fund ásamt ráðgjafa, sem hvorki hefur málfrelsi, tillögurétt né atkvæðisrétt. Hluthafa er þó heimilt að gefa ráðgjafa sínum orðið fyrir sína hönd. Stjórn félagsins getur boðið sérfræðingum setu á einstökum fundum, ef leita þyrfti álits þeirra eða aðstoðar.

Einnig getur hluthafi falið umboðsmanni sínum að sækja fyrir sig fund og skal hann þá leggja fram skriflegt og dagsett umboð sem eigi má gilda lengur en eitt ár frá dagsetningu þess. Umboð verða ekki afturkölluð svo gilt sé gagnvart félaginu eftir að þeim hefur verið framvísað við afhendingu fundargagna eða eftir setningu hluthafafundar hvort heldur sem fyrr er.

## 12. gr.

### Boðun hluthafafundar

Stjórn félagsins skal boða til hluthafafundar þegar hún telur þess þörf, svo og samkvæmt fundarályktun eða þegar kjörnir endurskoðendur eða hluthafar, sem ráða yfir minnst 5% hlutfjárins, krefjast þess og greina frá fundarefni. Þegar lögmæt krafa um fundarhald er komin fram skal stjórn skyld að boða til fundar innan 14 daga frá því að henni sannanlega barst krafan. Hafi stjórn eigi boðað til fundar innan þess tíma er heimilt að krefjast þess að til fundarins verði boðað skv. 2. mgr. 87. gr. hlutfélagalaga.

Til hluthafafundar skal boðað með skemmst þriggja vikna fyrirvara, lengst fjögurra vikna fyrirvara.

Til hluthafafunda skal stjórnin boða með auglýsingu í dagblöðum eða með auglýsingu í fréttakerfi Kauphallar.

Í fundarboði skal greina málefni þau sem taka á til meðferðar á hluthafafundi. Ef taka á til meðferðar á fundinum tillögu til breytinga á samþykktum félagsins skal greina meginefni tillögunnar í fundarboði. Þá skulu þau skjöl sem lögð verða fyrir hluthafafund, s.s. ársreikning og skýrslu stjórnar, áritun endurskoðenda, sem og ályktunartillögur stjórnar eða eftir atvikum athugasemdir frá þar til bærrí stofnun í félaginu, tillögu um starfskjarastefnu, ásamt upplýsingum um heildarfjölda hluta og atkvæða á fundarboðsdegi, birt eigi síðar en þremur vikum fyrir hluthafafund. Hluthafi á rétt á því að fá ákveðin mál tekin fyrir á hluthafafundi, ef hann gerir um það skriflega eða rafræna kröfu til stjórnar með að minnsta kosti 10 daga fyrirvara.

Viku fyrir hluthafafund skal senda út endanlega dagskrá og tillögur.

Mál sem ekki hafa verið greind í dagskrá er ekki hægt að taka til endanlegrar úrlausnar á hluthafafundi nema með samþykki allra hluthafa í félaginu, en gera má um þau ályktun til leiðbeiningar fyrir stjórn. Löglegar fram bornar breytingatillögur má bera upp á fundinum sjálfum, enda þótt þær hafi ekki áður legið hluthöfum til sýnis.

## 13. gr.

### Aðalfundur

Aðalfund skal halda fyrir lok marsmánaðar ár hvert og skulu þar tekin fyrir þessi mál:

1. Stjórn félagsins skýrir frá hag þess og framkvæmdum á hinu liðna starfsári.
2. Stjórnin leggur fram til afgreiðslu endurskoðaðan ársreikning félagsins fyrir hið liðna ár.
3. Tekin ákvörðun um tillögur stjórnarinnar um hvernig fara skuli með hagnað eða tap félagsins á reikningsárinu og greiðslu arðs. Skulu tillögur þar að lútandi lagðar fram af stjórn félagsins.
4. Kosið í stjórn félagsins.
5. Kosið í tilnefningarnefnd.
6. Kosning endurskoðunarfélags í samræmi við lög um váttryggingastarfsemi.
7. Ákvörðun um þóknun til stjórnarinnar, undirnefnda stjórnar og tilnefningarnefndar.
8. Tillögur stjórnar um starfskjarastefnu.
9. Önnur mál.

Stjórn skal gera stutta samantekt og leggja fyrir aðalfund um hlutfjáreign einstakra hluthafa félagsins og rétt þeirra til að greiða atkvæði, svo og um þær breytingar sem orðið hafa á árinu. Sambærilegar upplýsingar skulu liggja fyrir um þau samstæðutengsl sem hlutfélagið er í, eigi það við.

Ef hluthafar, sem ráða yfir minnst 33,33% hlutfjárins, krefjast þess skriflega á aðalfundi, skal fresta ákvörðun um liði 2 og 3 til framhaldsaðalfundar, sem haldinn skal í fyrsta lagi einum mánuði og í síðasta lagi tveimur mánuðum síðar. Frekari frests er ekki unnt að krefjast.

#### **14. gr.**

##### **Lögmæti fundar**

Hluthafafundur er lögmætur án tillits til fundarsóknar ef hann er löglega boðaður.

#### **15. gr.**

##### **Fundarstaður og -stjórn**

Stjórn er heimilt að ákveða að hluthafafundur fari fram annars staðar en á heimili félagsins.

Hluthafafundum stjórnar fundarstjóri sem fundurinn kýs, og tilnefnir hann fundarritara með samþykki fundarins. Fundarstjóri skal leysa úr öllum atriðum sem snerta lögmæti fundarins og framkvæmd hans samkvæmt samþykktum þessum og lögum. Jafnframt ákveður hann form umræðna, meðferð málefna á fundinum og atkvæðagreiðslur.

#### **15. gr. a.**

##### **Tilnefningarnefnd**

Innan félagsins skal starfa tilnefningarnefnd. Tilnefningarnefnd skal hafa það hlutverk að undirbúa stjórnarkjör í félaginu og vera ráðgefandi fyrir hluthafa við kosningu stjórnarmanna á aðalfundi þess eða eftir atvikum þeim hluthafafundum þar sem stjórnarkjör er á dagskrá.

Markmið nefndarinnar er að skapa hluthöfum fullnægjandi forsendur fyrir upplýstri ákvörðunartöku við kjör stjórnar félagsins.

Fjöldi nefndarmanna skal vera þrjú kjörnir á hluthafafundi. Heimilt er að halda sérstakan hluthafafund þar sem kosið verður í tilnefningarnefnd og skal sá hluthafafundur ekki haldinn síðar en 6 mánuðum fyrir aðalfund.

Meirihluti nefndarmanna skal vera óháður félaginu og daglegum stjórnendum þess. Við mat á óhæði nefndarmanna skal miðað við sömu sjónarmið og þegar óhæði stjórnarmanna er metið. Þá skal að lágmarki einn nefndarmaður vera óháður hluthöfum félagsins sem eiga virkan eignarhlut í félaginu, einir eða í samstarfi við aðra.

Stjórnarmönnum, stjórnendum eða öðrum starfsmönnum er ekki heimilt að eiga sæti í nefndinni.

Þeir sem hyggjast gefa kost á sér til setu í tilnefningarnefnd skulu tilkynna stjórn um framboð sitt skemmst fimm dögum fyrir hluthafafund á þar til gerðu eyðublaði. Stjórn skal fara yfir framboðstilkynningar og gefa hlutaðeigandi með sannanlegum hætti kost á því að bæta úr þeim göllum sem eru á tilkynningunni innan tiltekins frests. Upplýsingar um frambjóðendur til setu í tilnefningarnefnd skulu lagðar fram hluthöfum til sýnis á skrifstofu félagsins eigi síðar en tveimur dögum fyrir hluthafafund.

Starfsreglur tilnefningarnefndar skulu samþykktar á hluthafafundi.

## 16. gr.

### Rafræn þátttaka

Stjórn er heimilt að halda hluthafafund með rafrænum hætti, annað hvort að hluta eða öllu leyti. Telji stjórn að tiltækur sé nægilega öruggur búnaður til að halda rafrænan fund að hluta eða öllu leyti og ákveði stjórn að nýta þessa heimild skal þess sérstaklega getið í fundarboði.

Upplýsingar um nauðsynlegan tæknibúnað fyrir hluthafa, hvernig hluthafar tilkynni þátttöku sína, hvernig atkvæðagreiðsla fer fram og hvar hluthafar nálgast leiðbeiningar um fjarskiptabúnað, aðgangsorð til þátttöku á fundinum og aðrar upplýsingar skulu koma fram í fundarboði. Jafngildir innslegið aðgangsorð í tiltekinn fjarskiptabúnað undirskrift viðkomandi hluthafa og telst staðfesting á þátttöku hans á fundinum.

Hluthafar sem hyggjast sækja fundinn með rafrænum hætti, sé þess kostur, skulu tilkynna skrifstofu félagsins þar um með fimm daga fyrirvara og leggja samtímis fram skriflegar spurningar varðandi dagskrá eða framlögð skjöl sem þeir óska svara við á fundinum.

Ef stjórn telur ekki framkvæmanlegt að gefa hluthöfum kost á þátttöku í hluthafafundi með rafrænum hætti skal hluthöfum samt sem áður gefinn kostur á að greiða atkvæði um mál sem eru á dagskrá hluthafafundar, bréflaga eða rafrænt. Skal í fundarboði kveðið á um hvernig slík atkvæðagreiðsla verði framkvæmd. Hluthafar geta óskað eftir því að fá atkvæðaseðla senda til sín og skal skrifleg beiðni þar um hafa borist á heimili félagsins fimm dögum fyrir auglýstan hluthafafund. Einnig geta hluthafar vitjað atkvæðaseðla sinna á heimili félagsins frá sama tíma eða greitt þar atkvæði.

## 17. gr.

### Atkvæðavægi og -greiðsla

Á hluthafafundi fylgir eitt atkvæði hverri einni krónu í hlutafé. Afl atkvæða ræður úrslitum á hluthafafundum, nema öðruvísi sé mælt fyrir í samþykktum þessum eða landslögum. Tillaga fellur á jöfnum atkvæðum. Ef tveir menn eða fleiri fá jafnmörg atkvæði í kosningu skal hlutkesti ráða.

Atkvæðagreiðslur á hluthafafundi skulu vera skriflegar ef einhver fundarmanna krefst þess.

Samþykki allra hluthafa þarf til þess að ákvarðanir um eftirtaldar breytingar á samþykktum þessum verði gildar:

1. Að skerða rétt hluthafa til aðgreiðslu eða annarrar úthlutunar úr hendi félagsins, öðrum en hluthöfum til hagsbóta.
2. Að auka skuldbindingar hluthafa gagnvart félaginu.
3. Að takmarka heimildir manna til meðferð á hlutum sínum.
4. Að skylda hluthafa til að þola lausn á hlutum sínum án þess að um slit félagsins sé að ræða.

## 18. gr.

### Fundargerð

Rita skal stutta skýrslu um það er gerist á hluthafafundum í sérstaka gerðabók, einkum allar fundarsamþykktir.

Fundargerðir skulu lesnar upp í fundarlok. Fundargerðir skulu undirritaðar af fundarstjóra og fundarritara.

## V. Kafli

### Stjórn félagsins

#### 19. gr.

##### Stjórnarkjör

Stjórn félagsins skipa fimm menn og tveir til vara. Stjórnarmenn skulu fullnægja þeim skilyrðum sem kveðið er á um í hlutafélagalögum og lögum um váttryggingastarfsemi.

Hluthafafundur kýs stjórn með hlutfallskosningu milli einstaklinga og skal kjörtímabil stjórnar vera til næsta aðalfundar. Stjórnarkjör skal jafnan vera skriflegt ef tillögur koma fram um fleiri stjórnarmenn en kjósa skal.

Gæta skal þess að kynjahlutfall í stjórn og varastjórn sé sem jafnast og að hlutfall hvors kyns sé aldrei lægra en 40%.

Þeir sem hyggjast gefa kost á sér til stjórnarkjörs skulu tilkynna tilnefningarnefnd um framboð sitt skemmst fimm dögum fyrir hluthafafund á þar til gerðu eyðublaði. Tilnefningarnefnd skal fara yfir framboðstilkynningar og gefa hlutaðeigandi með sannanlegum hætti kost á því að bæta úr þeim göllum sem eru á tilkynningunni innan tiltekins frests. Upplýsingar um frambjóðendur til stjórnar skulu lagðar fram hluthöfum til sýnis á skrifstofu félagsins eigi síðar en tveimur dögum fyrir hluthafafund.

Ef ljóst er fimm dögum fyrir hluthafafund að komandi stjórn mun ekki uppfylla skilyrði um kynjahlutföll samkvæmt 3. mgr. 19. gr. samþykkt þessa er tilnefningarnefnd heimilt að leita eftir framboðum einstaklinga af því kyni sem hallar á. Hafi frambjóðendur af því kyni sem hallar á ekki boðið sig fram tveimur dögum fyrir hluthafafund skal stjórn boða til framhaldsfundar 3-4 vikum eftir hluthafafund og auglýsa að nýju eftir framboðum. Skal boða til framhaldsfundar svo oft sem þörf krefur til þess að ná kynjahlutfalli skv. 3. mgr. 19. gr. og skal stjórn sitja þar til slíku kynjahlutfalli er náð.

Náist kynjahlutföll 3. mgr. 19. gr. ekki við stjórnarkjör telst kosningin í aðal- eða varastjórn ógild. Endurtaka skal stjórnarkjör á sama hluthafafundi þegar ljóst er að niðurstöður stjórnarkjörsins eru ófullnægjandi. Náist niðurstaða ekki eftir endurteknar kosningar skal fresta stjórnarkjöri til framhaldsfundar sem haldinn skal innan mánaðar og auglýstur sérstaklega með sama hætti og hluthafafundir. Starfandi stjórn félagsins situr áfram þar til lögmæt kosning fer fram.

Við framkvæmd þessa ákvæðis skal gætt að ákvæðum 15. gr. a. eftir því sem við getur átt.

#### 20. gr.

##### Skyldur og valdheimildir stjórnar

Stjórn félagsins stýrir öllum málefnum félagsins milli hluthafafunda og gætir hagsmuna þess gagnvart þriðja manni.

Stjórn skal hafa yfirumsjón með starfsemi félagsins og eftirlit með því að skipulag og starfsemi sé jafnan í réttu og góðu horfi. Stjórn skal tryggja að félagið sé rekið á heilbrigðan og eðlilegan hátt með hagsmunum váttryggðra, váttryggingartaka, hluthafa og alls samfélagsins að leiðarljósi.

Stjórn veitir prókúruumboð. Undirskrift þriggja stjórnarmanna þarf til að skuldbinda félagið.

Stjórn skal annast um að nægilegt eftirlit sé haft með bókhaldi og meðferð fjármuna félagsins.

Stjórn skal setja sér starfsreglur þar sem nánar er kveðið á um starfa hennar, sbr. lög um hlutafélög og lög um váttryggingastarfsemi.

## **21. gr.**

### **Fundir stjórnar**

Fundir stjórnar eru ályktunarbærir ef meiri hluti stjórnarmanna sækir þá. Stjórnarmönnum er heimil þátttaka í stjórnarfundum með fjarskiptabúnaði.

Á stjórnarfundum ræður afl atkvæða úrslitum. Mikilvæga ákvörðun má þó ekki taka án þess að allir stjórnarmenn hafi haft tæk á því að fjalla um málið sé þess kostur. Falli atkvæði jöfn ræður atkvæði formanns.

Stjórn skal halda fundargerðabók um það sem gerist á stjórnarfundum og staðfesta hana með undirskrift sinni.

## **22. gr.**

### **Verkaskipting stjórnar**

Stjórn félagsins kys sér formann úr sínum hópi, en að öðru leyti skiptir hún með sér verkum eins og þurfa þykir.

Stjórn skal útbúa og staðfesta á stjórnarfundum starfsáætlun stjórnar fyrir næsta reikningsár félagsins. Þar skal m.a. kveðið á um reglulega fundi stjórnar. Stjórnarformanni er skylt að boða til stjórnarfundar ef einn stjórnarmaður, forstjóri eða endurskoðunarfélag félagsins krefst þess.

Varamenn taka sæti í stjórn félagsins í forföllum aðalmanna samkvæmt ákvæðum í starfsreglum stjórnar.

## **23. gr.**

### **Forstjóri**

Stjórn félagsins ræður forstjóra fyrir félagið og setur honum erindisbréf.

Forstjóri annast daglegan rekstur félagsins og skal í þeim efnum fara eftir þeirri stefnu og fyrirmælum, sem stjórn hefur gefið. Hinn daglegi rekstur tekur ekki til ráðstafana sem eru óvenjulegar eða mikilsháttar. Slíkar ráðstafanir getur forstjóri aðeins gert samkvæmt sérstakri heimild frá stjórn.

Forstjóri skal sjá um að bókhald og fjárreiður séu í samræmi við lög og góðar venjur og að meðferð eigna félagsins sé með tryggilegum hætti.

Forstjóri ræður starfsmenn félagsins, segir þeim upp og fjallar um launakjör þeirra.

## **VI. Kafli**

### **Reikningshald, endurskoðun, arðsúthlutun og varasjóðir, félagsslit og breyting samþykkt**

## **24. gr.**



## Reikningshald

Ársreikning skal semja fyrir hvert reikningsár. Ársreikningur skal hafa að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymi, skýringar og upplýsingar um liði utan efnahagsreiknings. Einnig skal semja skýrslu stjórnar sem ásamt ársreikningi myndar eina heild. Reikningsár félagsins er almanaksárið. Ársreikningur ásamt skýrslu stjórnar skal liggja frammi til afhendingar á heimili félagsins eftir samþykkt hans á aðalfundi.

## 25. gr.

### Endurskoðun

Ársreikningur félagsins skal endurskoðaður af endurskoðanda. Aðalfundur kýs endurskoðendur eða endurskoðunarfélag. Sé félagið hluti félagasamstæðu skal endurskoðandi vera sameiginlegur fyrir samstæðuna í heild. Endurskoðandi má ekki eiga sæti í stjórn, vera starfsmaður váttryggingafélags eða starfa í þágu þess að öðru en endurskoðun. Hann má ekki vera skuldugur félaginu, hvorki sem skuldari né ábyrgðarmaður, og sama gildir um maka hans.

Endurskoðendur skulu jafnan hafa aðgang að öllum bókum og skjölum félagsins. Um framkvæmd endurskoðunar félagsins, m.a. varðandi hæfi og starfsskyldur endurskoðenda vísast til laga váttryggingastarfsemi og laga um ársreikninga.

## 26. gr.

### Arðsúthlutun og varasjóðir

Aðalfundur tekur ákvörðun um úthlutun arðs og greiðslur í varasjóð að fenginni tillögu stjórnar um ráðstöfun ágóðans. Aðalfundur tekur sömuleiðis ákvörðun um hvernig mæta skuli halla að fenginni tillögu stjórnar.

Óheimilt er að ákveða á aðalfundi meiri úthlutun arðs en stjórn félagsins leggur til eða samþykkir. Arðgreiðslur skulu inntar af hendi eigi síðar en sex mánuðum frá samþykkt úthlutunar.

## 27. gr.

### Félagsslit

Nú þykir ráðlegt eða nauðsynlegt að slíta félaginu og fer þá um tillögur þar að lútandi samkvæmt XIII. kafla hlutafélagalaga og ákvæðum laga um váttryggingastarfsemi.

Þegar tekin er ákvörðun um frjáls slit félagsins skal leggja fyrir Fjármálaeftirlitið greinargerð um óuppgerðar váttryggingaskuldbindingar félagsins og á hvern hátt ætlunin sé að ljúka þeim.

Um félagsslitin að öðru leyti fer samkvæmt viðeigandi ákvæðum hlutafélagalaga og ákvæðum laga um váttryggingastarfsemi.

## 28. gr.

### Breyting á samþykktum félagsins

Samþykktum félagsins má einungis breyta á löglegum hluthafafundi félagsins, enda sé þessi getið í fundarboði að slík breyting sé fyrirhuguð og í hverju hún felst í meginatriðum. Ákvörðun verður því aðeins gild að hún hljóti samþykki minnst 2/3 greiddra atkvæða, svo og samþykki hluthafa sem ráða yfir minnst

2/3 hlutum þess hlutfjár sem farið er með atkvæði fyrir á hluthafafundinum, sbr. þó ákvæði í lögum um hlutafélög sem leggja ríkari kröfur á samþykki fyrir breytingum á samþykktum.

Þannig samþykkt í Reykjavík, 20. mars 2019.

F.h. stjórnar Vátryggingafélags Íslands hf.



---

Helgi Bjarnason, forstjóri